



Kjósarhreppur

Fundargerð

**145. fundur skipulags- og byggingarnefndar haldinn stóra fundarsal m. skjá,
25. mars 2021 , kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Elís Guðmundsson, Magnús Ingi Kristmannsson, Maríanna Hugrún Helgadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Þórarinn Jónsson, Sigurður Hilmar Ólafsson og Regína Hansen Guðbjörnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurður Hilmar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Skipulagsmál

1. Deiliskipulag frístundabyggðar - Brekkur - 2103068

Landlínur, fyrir hönd eigenda, leggja fram drög að tillögu deiliskipulags ásamt óverulegri breytingu aðalskipulags í landi Brekkna fyrir lóðinar Brekkur 1-6. Deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna í landi Möðruvalla 1 í Kjósarhreppi tekur til 4,8 ha svæðis. Innan svæðisins verða skilgreindar sex frístundalóðir, uppbygging er hafin á tveimur lóðum, Brekkur 3 og 4. Allar lóðirnar eru nú þegar stofnaðar úr landi Möðruvalla 1, sem er í eigu Kjósarhrepps. Skipulagssvæðið hallar til norð-austurs og er við rætur Möðrudalshálsa. Aðkoma að lóðum er um veginn Brekkur sem tengist Meðalfellsveg (461). Skipulagssvæðið afmarkast í suðri, norðri og vestri af Möðruvöllum 1, en í vestri afmarkast svæðið einnig af frístundalóðunum Brekkum 8 og 9. Í austri afmarkast svæðið af Möðruvöllum 13 og lóðinni Möðruvöllum Hitaveita.

Niðurstaða:

Skipulagsfulltrúi kynnti drög að tillögum.

2. Framkvæmdaleyfi - 2103020

Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku og vegagerð í frístundabyggð við Sandsá í landi Eyja 2, í Kjósarhreppi, dags. 2. febrúar 2021. Þ.e. fyrir frístundabyggðirnar í Eyjabakka og Sandsárbakka, skv. meðfylgjandi gögnum. Fyrir liggur umsögn Hafrannsóknarstofnunar og leyfi frá Fiskistofu.

Niðurstaða:

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir, sbr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, en í gildi er deiliskipulag af svæðinu. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja umsóknina og fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi.

3. Breyting á aðalskipulagi í landi Eyrarkots - 2103069

Lögð fram tillaga, dags. 19.03.2021, á breytingu á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029, er varðar landnotkun í landi Eyrarkots. Lýsingin hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og



Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis og hefur verið brugðist við þeim.

Niðurstaða:

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa - 2103021

Hálsendi 9, L126098 - Fyrirspurn ? Fyrirspurn vegna byggingar matshluta 02 á lóðinni. Þ.e. hvort leyft yrði að hafa þak einhalla, um 5, en í deiliskipulagi er talað um að „æskilegan halla 35°-45°.

Niðurstaða:

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemdar skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

5. Umsókn um stofnun lóðar - Hrísakot, L126104 - 2103070

Landgræðslusjóður óskar eftir stofnun lóðar (landsspildu) á þegar byggðu landi í landi Hrísakots, er fengi nafnið Hrísakot 2.

Niðurstaða:

Samþykkt, með fyrirvara um að umsókn sé undirrituð af eiganda eða eigendum upprunafasteignar, sbr. 14. gr. laga nr. 6/2001 og að fyrir liggja samþykki að vegtengingu fyrir lóðina.

6. Fyrirspurn til byggingarfulltrúa - 2102057

Fyrirspurn um deiliskipulagsbreytingu vegna byggingar á u.þ.b 400,0 m² gróðurhúsi. skv. myndum í tölvupósti dags. 18.03.2021.

Niðurstaða:

Jákvætt tekið í erindið.

7. Stofnun frístundalóða í landi Þúfukots - 2103022

Umsókn um stofnun lóða ? Þúfukot, L1126494

Óskað er eftir stofnun átta* lóða á deiliskipulagi í landi Þúfukots, er fengju nafnið Kot 1-8.

*Misritað var að sótt væri um stofnun sjö lóða í landi Þúfukots, L1126494. Hið rétta er að sótt var um að stofna átta lóðir.SHÓ

Niðurstaða:

Samþykkt, með fyrirvara um að umsókn sé undirrituð af eiganda eða eigendum upprunafasteignar, sbr. 14. gr. laga nr. 6/2001.

Byggingarmál

9. Umsókn um byggingarleyfi - 1909001

Hamrar 5, L126227 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 71,9 m² frístundahúsi ásamt 83,8 m² kjallara. Samtals 155,7 m². Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Niðurstaða:

Byggingaráform samþykkt, með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemdar skv. 44. gr. skipulagslaga málsgrein 2.

10. Umsókn um byggingarleyfi - 2103018



Norðurnes 94, L227638 ? Umsókn um byggingarleyfi fyrir 119,8 m² frístundarhúsi, mhl. 01, samkvæmt aðaluppdráttum dags. 04.03.2021.

Niðurstaða:

Byggingaráform samþykkt.

11. Umsókn um byggingarleyfi - 2102071

Ósbraut 5, L126055 ? Umsókn um byggingarleyfi (og niðurrifi mhl. 01) fyrir 122,8 m² frístundahúsi, mhl 05. skv. aðaluppdráttum dags. 27.02.2021. Nýtingarhlutfall á lóð yrði samtals 0,085.

Niðurstaða:

Byggingaráform samþykkt, með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemdar skv. 44. gr. skipulagslaga málsgrein 2.

8. SSH Fundargerð nr. 99 svæðisskipulagsnefndar - 2103041

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
Fundargerð 99. fundar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, dags. 5. mars 2021.

Niðurstaða:

Lagt fram

Önnur mál

12. Lóðaleigusamningar_Tillaga að heildarlöggjöf - 2103071

Niðurstaða:

Lagt fram

13. Tilkynning um kæru 242021_Birkihlíð 1 - 2103072

Niðurstaða:

Lagt fram

14. Úrskurður 1042020_Nýja- Kot - 2103073

Niðurstaða:

Lagt fram

Fundi slitið kl. 18:30.



Elís Guðmundsson

Magnús Ingi Kristmannsson

Pórarinn Jónsson
